



*Reglur Félags vinnuvélaeigenda um notkun merkis félagsins.*

1. Merkið „Félagsvinnuvélaeigenda“, er skráð félagamerki í eigu FVE.
2. Stjórn FVE hefur rétt til að ráðstafa merkinu til birtingar á umbúðum, í auglýsingum og/eða birta þau með öðrum hætti í kynningarskyni.
3. Stjórn FVE birtir á heimasíðu sinni reglur þessar um notkun félagamerkisins.
4. Rétt til aðildar að FVE eiga einstaklingar eða félög sem hafa rekstur vinnuvéla að einhverju eða öllu leyti að atvinnu sinni, sbr. 3. gr. laga félagsins. Félagsmenn FVE sem starfa sem einyrkjar og félög í eigu félagsmanna FVE, hafa rétt á að nota merkið á bifreiðum og vinnuvélum tengdum rekstri þeirra, vinnufatnaði, heimasíðu og bréfsefni, t.d. vegna reikninga- og tilboðsgerðar.
5. Öll önnur notkun félagamerkis í eigu FVE, að hluta til eða í heild, í rituðu, lesnu og prentuðu máli, er með öllu óheimil nema með samþykki meirihluta stjórnar FVE. Beiðnir samkvæmt ákvæði þessu skal beina til formanns stjórnar FVE og skal hún tekin fyrir á stjórnarfundi FVE.
6. Brjóti félagsmaður FVE á reglum þessum skal stjórn FVE áminna eða víkja viðkomandi úr FVE um stundarsakir eða að fullu, ef sakir eru miklar. Úrskurði stjórnar FVE, samkvæmt ákvæði þessu, má skjóta til félagsfundar FVE.
7. Sé félagsmanni vikið úr félaginu eða segi hann sig úr því skal viðkomandi fjarlægja merki FVE tafarlaust af bifreiðum og/eða vinnuvélum sínum, vinnufatnaði, heimasíðu og/eða bréfsefni á hans vegum eða hvar annars staðar sem viðkomandi hefur fengið heimild til birtingar á merki FVE.
8. Sé um að ræða misnotkun utanaðkomandi aðila á félagamerkinu áskilur FVE sér rétt til þess að vísa málinu til Neytendastofu til úrskurðar og í framhaldi til dómstóla ef þörf krefur.

*Reglur samþykktar á stjórnarfundi Félagsvinnuvélaeigenda 13. október 2022*